

Áveitan

5. tbl. 8. árgangur. Maí 2014

Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót verður haldið að þessu sinni þann 27. maí í Þingborg. Mótið byrjar kl. 17:00 og verður búið um kl. 20:00. Mótið er fyrir alla 16 ára og yngri.

Keppnisgreinar eru eftirfarandi: 10 ára og yngri – Kúluvarp og langstökk án atr. 11-16 ára - langstökk án atr, þristökk án atr, kúluvarp og hástökk.

Mótið er síðasta æfing/lokahóf á innanhúsæfingunum vetrarins.

Allir velkomnir.

Marín og Rúna á EM í keltneskum fangbrögðum

Evrópumeistaramótið í keltneskum fangbrögðum fór fram á Spáni dagana 26.-27. apríl og stóðu keppendur frá Íslandi sig frábærlega vel á mótinu. Hæst ber þó árangur Marínar Laufeyjar Davíðsdóttur úr Samhygð sem sigraði bæði í backhold og gouren og náði svo öðru sæti í lucha leonesa í -90 kg flokki kvenna. Í lok móts var Marín svo kjörin besta fangbraðakona mótsins og einnig fékk hún verðlaun sem besta gourenkona mótsins. Þess má geta að þetta er í fyrsta sinn sem kona frá Íslandi verður Evrópumeistari í Keltnesku fangi. Guðrún Inga Helgadóttir úr Vöku keppti einnig á mótinu í -56 kg flokki. Rúna hafnaði í 3. sæti í backhold en náði 2. sæti bæði í gouren og luce leonesa, fangbragðaiþrótt heimamanna á Spáni.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Skoðanakönnun um sameiningar sveitarfélaga

Samþykkt hefur verið að gerð verði skoðanakönnun meðal kjósenda Flóahrepps um hug þeirra til sameiningar sveitarfélaga. Skoðanakönnun verður haldin samhliða sveitarstjórnarkosningum 31. maí n.k. Nokkur sveitarfélög í Árnessýslu hafa tekið ákvörðun um að gera skoðanakönnun og er reiknað með að spurningar verði samhljóma í þeim sveitarfélögum.

Hreinsunarátak

Dagana 14.-20. maí n.k. mun Flóahreppur standa fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu. Gámar fyrir járn og grófan úrgang verða staðsettir við Félagslund og Heiðargerði og hægt er að semja um að fá járnagám heim að bæ ef um er að ræða mikið magn af brotajárni. Íbúar eru beðnir um að láta vita á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 ef óskað er eftir gámi heim að bæ vegna brotajárns.

Minnt er á að gámasvæði sveitarfélagsins er í Hrísmýri við Selfoss þar sem hægt er að losna við spilliefni og fleira.

Leikskólastjóri Krakkaborgar

Samþykkt hefur verið að ráða Jónu Björgu Jónsdóttur sem leikskólastjóra Krakkaborgar og mun hún taka til starfa 1. júní n.k.

Jóna hefur starfað sem aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann Marbakka í Kópavogi.

Jóna Björg er boðin velkomin til starfa. Einnig fær Hallfríður Ósk kærar þakkir fyrir að hlaupa í skarðið í starf leikskólastjóra frá síðastliðnu hausti.

Skólastjóri Flóaskóla

Starf skólastjóra Flóaskóla hefur verið auglýst frá 1. ágúst n.k. en Guðmundur Freyr Sveinsson hefur sagt upp störfum af persónulegum ástæðum.

Guðmundi eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf sem skólastjóri Flóaskóla og er honum og fjölskyldu hans óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Umsóknarfrestur um stöðu skólastjóra rann út 22. apríl s.l. og bárust 14 umsóknir um starfið. Þegar þetta er skrifað er verið að fara yfir umsóknir og meta þær.

Tilboð í framkvæmdir við leikskóla

Frestur til að skila inn tilboðum í framkvæmdir við endurbætur og viðbyggingu leikskólans Krakkaborgar í Þingborg rann út á hádegi 28. apríl s.l.

Aðeins eitt tilboð barst og á sveitarstjórn eftir að taka það fyrir og meta þegar

Þessi orð eru skrifuð.

Kjörstaður vegna sveitarstjórnarkosninga

Sveitarstjórn hefur samþykkt að kjörstaður vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara 31. maí n.k. skuli vera í Félagslundi fyrir kjósendur í Flóahreppi.

Sveitarstjórn hefur einnig samþykkt að talning atkvæða fari fram í Þingborg.

Tónleikar Tónlistarskóla Árnesinga

„Vínarbrauðstónleikar“ Tónlistarskóla Árnesinga verða haldnir í félagsheimilinu Þingborg sunnud. 11. maí kl. 11:00. „Vínarbrauðstónleikar“ eru árlegur viðburður í tónleikahaldi skólans og eru þeir haldnir til skiptis í félagsheimilum sýslunnar.

Flytjendur eru allir strengjanemendur skólans (4 – 19 ára) víðs vegar að úr sýslunni og að loknum tónleikum er boðið upp á kaffiveitingar. Gefst á þessum tónleikum gott tækifæri til að fylgjast með gróskumiklu starfi skólans og metnaðarfullum nemendum stíga á svið.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir velkomnir - sveitungar eru sérstaklega boðnir velkomnir.

Menningarverðlaun Flóahrepps-Íþróttamaður ársins

Reiknað er með að afhenda menningarverðlaun Flóahrepps 2014 í Þjórsárveri 30. maí n.k. í tengslum við hátíðina Fjör í Flóa. Á sama tíma verður íþróttamaður ársins heiðraður en það er æskulýðsnefnd sem hefur veg og vanda að kjörinu.

Styrkur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Flóahreppur hefur hlotið 1,5 mkr styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til lagfæringar á svæðinu við Urriðafoss.

Sótt var um styrk til að lagfæra aðstöðu við Urriðafoss, s.s. göngustígagerð en þangað kemur mikill fjöldi ferðamanna eða um 40.000 manns á hverju ári. Sveitarstjórn samþykkti svo á dögnum að kosta gerð varúðarskiltis við fossinn og verður það sett upp fyrir sumarið.

Vinnuskóli Flóahrepps

Auglýst er eftir unglimum fæddum 1998, 1999 og 2000 með lögheimili í Flóahreppi, til vinnu í sumar við Vinnuskóla Flóahrepps.

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 10. júní til 24. júlí og geta unglingar valið um sex vikur innan þessa tímaramma.

Unnið verður 4 daga vikunnar, mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9.00-16.00

Frestur til skráningar hefur verið framlengdur til 16. maí n.k. í síma 480-4370 frá kl. 9.00-13.00 eða með tölvupósti á netfangið gudrun@floahreppur.is

Íbúafundur um ljósleiðaramál

Miðvikudaginn 9. apríl s.l. var haldinn kynningarfundur á hugmyndum og möguleikum á ljósleiðaravæðingu í Flóahreppi. Einnig var ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2013 kynntur.

Fundurinn hófst á því að Aðalsteinn Sveinsson, oddviti fór fyrir

rekstrarniðurstöður Flóahrepps undanfarin ár. Að því loknu sagði Kristófer A.

Tómasson, sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, frá ljósleiðaravæðingu í sínu sveitarfélagi og Ingólfur Bruun verkefnastjóri kynnti lagningu ljósleiðara í Örfasveit og sagði frá fyrirhugaðri lagningu ljósleiðara í Mýrdalshreppi ásamt því að fara yfir ýmis tæknileg og samfélagsleg mál varðandi ljósleiðaralagningu í dreifðum byggðum.

Um 45 gestir sátu fundinn sem tóku virkan þátt í umræðum að loknum kynningum.

Dagskrá hjá Tré og list á vorhátíð Fjör í Flóa er nú að mótast

Föstudaginn 30. maí kl 16:00 opnar Sigrún Sigurðardóttir Súluholti myndlistarsýningu. Við það tækifæri mun fyrrverandi söngmálastjóri Haukur Guðlaugsson spila.

Sigrún Sigurðardóttir er borin og barnfædd að Súluholti og býr þar ásamt fjölskyldu sinni. Hún er dóttir sæmdarhjónanna Sigurðar Guðmundssonar og Guðrúnar Hjörleifsdóttur. Sigrún er að mestu sjálfærð í list sinni en hefur tekið þátt í nokkrum námskeiðum hjá Myndlistarfélagi Árnassýslu og verið þátttakandi á nokkrum sýningum þess. Sigrún hefur líka mikinn áhuga á fjárbúskap og sinnir því ásamt nokkrum hrossum.

Í Tré og list eru einnig verk listakonunnar Siggú á Grund sem löngu er orðin landsþekkt fyrir sín miklu listaverk.

Laugardaginn 31. maí koma góðir gestir í Tré og list. Barnakór Flóaskóla, Snilldartónar syngja í safninu kl: 11:00. Stjórnandi Kolbrún Berglind Grétarsdóttir, undirleikari Ágúst Valgarð Ólafsson.

Sunnudaginn 1. júní. Safnið opið frá kl: 13:00 - 18:00

Aðgangur kr. 700 meðan á vorhátíð Fjör í Flóa stendur, frítt fyrir börn.

Reiðnámskeið Sleipnis sumarið 2014

verða haldin að Vallartröð 4 á Selfossi. Umsjónarmenn eru Brynjar Jón Stefánsson og Rannveig Árnadóttir eins og undanfarinn 9 ár.

Skráning er hafin og fer fram í síma 696-1752 (Ranna) eða hofgerdi@ipostur.is Börnin læra grunnatriði í hestamennsku, stjórnun og ásetu. Farið er í útreiðartúra, þrautir og ýmislegt í reiðhöllinni ásamt umhirðu á hesti og reiðtygjum. Innifalið í verði er aðgangur að hesti, reiðtygjum og hjálmi.

Fyrir 6-8 ára:

2.-6. júní kl. 13.30 - 14.30 eða 15.00-16.00 5 dagar.

10.-13. júní kl. 9.30-10.30, 11.00-12.00, 13.30-14.30, eða 15.00-16.00. 4 dagar.
5.-8. ágúst kl. 15.00-16.00. 4 dagar.
11.-15. ágúst kl. 15.00-16.00. 5 dagar.
4 dagar kosta 8.000.- 5 dagar kosta 10.000.-

Fyrir 9 ára og eldri:

16.-27. júní kl. 10.00-11.30 eða 13.30-15.00. 9 dagar.
14.-25. júlí kl. 10.00-11.30, 13.00-14.30 eða 15.00-16.30. 10.dagar.
5.-15. ágúst kl. 10.00-11.30 eða 13.00-14.30. 9 dagar.
9 dagar kosta 21.000.-10 dagar kosta 23.000.-

Einnig er innfalið í verði hestasýning hjá Fákaseli Ingólfshvoli og er það kl 19.00 eithvert kvöldið meðan námskeiðið stendur yfir, fyrir börnin sem eru á 9 eða 10 daga námskeiðinu.

Tækjalisti Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

Tæki í umsjón Kristjáns í Forsæti, s. 862-7532:

| | |
|------------------|-------------------------------|
| Hagasláttuvél | 2.240/klst |
| Steypuhrærivél | 200 pr poka, hámark 6.000/dag |
| Flaghefill | 1.000/dag |
| Málningarsprauta | 500/klst |
| Staurabor | 1.000/dag |
| Topplyklasett | Frítt |

Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s. 898-0929

| | |
|-------------------------|------------|
| Sáðvél | 2.760/ha |
| Pinnatætari | 3.280/ha |
| Plógur 5skera | 3.640/ha |
| Valtari | 2.180/ha |
| Sturtuvagn | 5.460/dag |
| Sturtuvagn malarkeyrsla | 15.000/dag |
| Þvottatæki | 1.500/dag |

Tæki í umsjón Bjarna í Syðri-Gróf, s. 846-3411

| | |
|----------------|------------|
| Hnífatætari | 2000/klst |
| Plógur 4 skera | 2.760/ha |
| Fjaðraherfi | 1.660/ha |
| Haugsuga | 1.980/klst |
| Haughræra | 2.180/klst |
| Taðgreip | 3.000/dag |

Tækjum skal skilað hreinum og smurðum strax eftir notkun.

Skákfréttir apríl 2014

Æfingarnar á miðvikudögum hafa gengið vel. Um 9 börn mæta á æfingar. Á seinustu æfingu var rifjað upp ýmislegt varðandi biskupinn og kynntum svo drottninguna til sögunnar. Ræddum einnig hvernig skákin er hugaríþrótt. Við taflborðið eru allir jafnir, hvort sem þeir eru stórir, litlir, breiðir eða mjóir.

Nokkur skákmót voru haldin í apríl. Árnessýslumótið í skólaskák fór fram föstudaginn 11. apríl. Við áttum tvo keppendur í yngri flokk, Sigurjón Óla Ágústsson og Dag Fannar Einarsson. Úrslit urðu þessi:

| Sæti | Nafn | Vinningar | Skóli |
|------|--------------------------|-----------|------------------|
| 1 | Sindri Freyr Guðmundsson | 4 | Sunnulækjarskóli |
| 2 | Patrekur Máni Jónsson | 2 | Sunnulækjarskóli |
| 3 | Bjarni Már Stefánsson | 2 | Sunnulækjarskóli |
| 4 | Dagur Fannar Einarsson | 1 | Flóaskóli |
| 5 | Sigurjón Óli Ágústsson | 1 | Flóaskóli |

Laugardaginn 12. apríl kl.10 komu 8 hressir krakkar saman í Þjórsárveri til að tefla á Páskaeggjamóti Þjótanda 2014. Úrslit urðu þannig:

| Sæti | Nafn | Vinningar | Skólastig |
|------|----------------------------|-----------|-------------|
| 1 | Dagur Fannar Einarsson | 5 | Mið stig |
| 2 | Sigurjón Óli Ágústsson | 4 | Yngsta stig |
| 3 | Agnes Björg Birgisdóttir | 3 | Elsta stig |
| 4 | Daði Kolviður Einarsson | 3 | Yngsta stig |
| 5 | Margrét María Ágústsdóttir | 2 | Mið stig |
| 6 | Sigurjón Reynisson | 2 | Yngsta stig |
| 7 | Unnsteinn Reynisson | 1 | Mið stig |
| 8 | Árdís Eva Birgisdóttir | 0 | Yngsta stig |

Margar skákir voru afar spennandi og allir skemmtu sér vel. Í lokin fengu allir keppendur lítið páskaegg auk þess sem Agnes, Dagur og Sigurjón fengu sérstök verðlaun fyrir að sigra á hverju skólastigi fyrir sig.

Pöntun á taflsettum

Ef einhver vantar góð taflsett þá erum við að safna í magninnkaup þar sem settið (taflmenn og borð) fæst á 3.500 kr. Nánari upplýsingar á <http://floaskak.blog.is> eða hjá Ágústi í síma 860-1895

Fermingar í Flóahreppi um hvítasunnu

Ferming í Gaulverjabæjarkirkju á hvítasunnudag, 8. júní kl. 14.00.

Fermdir verða:

Ásbjörn Pálmason, Fljótshólum 1, 801 Selfoss

Árni Már Ólafsson, Brandshúsum 3, 801 Selfoss

Prestur sr. Sveinn Valgeirsson.

Ferming í Hraungerðiskirkju á hvítasunnudag 8. júní kl. 13.30.

Fermd verða:

Agnes Björg Birgisdóttir, Langholti 1b, 801 Selfoss.

Elín Inga Steinþórsdóttir, Oddgeirshólum 1, 801 Selfoss

Stefán Narfi Bjarnason, Túni, 801 Selfoss

Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

Ferming í Laugardælakirkju á annan í hvítasunnu 9. júní kl. 11.00

Fermdar verða:

Sigdís Erla Ragnarsdóttir, Furugrund 13, 800 Selfoss

Sunneva Þorsteinsdóttir, Dælengi 9, 800 Selfoss

Prestur sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson,

Ferming í Villingaholtskirkju á annan í hvítasunnu, 9. júní kl. 13.30.

Fermd verða:

Alexander Ó. B. Kristjánsson, Grund 2, 801 Selfoss

Anna Sigurveig Ólafsdóttir, Egilsstöðum 1, 801 Selfoss

Ýmir Atlason, Skálarima, 801 Selfoss

Prestur sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Ullarvinnslan í Þingborg,

efnir til samkeppni um:

Höfuðfat ársins 2014

Efnisval og aðferð er frjálst. Tekið verður tillit til hönnunar, handbragðs, hugmyndaauðgi og menningarlegrar nálgunar.

Prenn vegleg verðlaun og vandað til dómnefndar.

Höfuðfötin skal senda til: Ullarvinnslan í Þingborg, Gamla Þingborg, Flóahreppi, 801 - fyrir 20. maí.

Verðlaunaafhending á Fjör í Flóa laugardaginn 31. maí 2014.

Frekari upplýsingar á www.thingborg.net, í gegnum netfangið hofudfat2014@hotmail.com eða í síma: 846-9287, 895-0517, 482-1027

Sælir sveitungar,

Nú er annar áfangi klasaverkefnisins (af þremur) að ljúka og langaði mig því að senda ykkur áfangaskýrslu um gang mála. Haldnir hafa verið tveir klasa-stjórnarfundir og einn klasafundur frá áramótum, þar sem farið var yfir helstu verkefni klasans.

1. Heimasíða Flóahrepps hefur tekið miklum breytingum og er hún loks tilbúin. Nýja og bætta heimasíðu má sjá á www.floahreppur.is. Það má hinsvegar alltaf bæta við myndum á síðuna. Ef einhver býr yfir fallegum og skemmtilegum myndum má endilega hafa samband á netfangið jdunn@floahreppur.is

2. Mannamót var haldið á vegum Markaðsstofa landshlutanna 23. janúar 2014. Þar fengu samstarfsfyrirtæki markaðsstofanna tækifæri til að kynna ferðaðþjónustu á landsbyggðinni fyrir ferðaðþjónustuaðilum, ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum á höfuðborgarsvæðinu.

3. Flóakort – Hófst sú vinna strax því okkur bauðst tækifæri á að fara með kortið á Mid Atlantic ráðstefnuna í Laugardagshöll sem haldin var á vegum Iceland Air 7. til 9. febrúar. Hægt er að nálgast Flóakortið á skrifstofu Flóahrepps.

4. Gönguleiðir - Mikill áhugi er fyrir því í klasanum að huga að þeim menningarverðmætum sem eru til staðar í hreppnum, gera þau sýnileg og aðgengileg.

Ásavegur - Áhugi er fyrir því að merkja leiðina áfram að Timburhólaskógi um 8 km leið og tók klasastjórnin ákvörðun um að sækja aftur um styrk hjá Eflu og bæta þá framhaldi leiðarinnar við. – Sú vinna er í gangi núna. Einnig var sótt um verkefnið „margar hendur vinna létt verk“ hjá Landsvirkjun um viðhald á fyrri hluta leiðarinnar.

Kolsgarður – Áhugi er fyrir því að merkja þessa leið og gefa fólki tækifæri á að upplifa þennan verðmæta menningararf. Sótt var um menningarstyrk tengdur nafni Jóhannesar Nordal sem Seðlabanki Íslands veitir. – hann fékkst því miður ekki og eru aðrir möguleikar í skoðun.

5. Styrkumsókn varðandi Ásgrím Jónsson listmálara - Áhugi er fyrir því að setja upplýsingaskilti við Rútsstaðaland með upplýsingum um Ásgrím þar sem fram koma tengsl hans við svæðið og umhverfið, ásamt myndum af verkum hans. Sótt var um styrk til Menningarráðs Suðurlands í verkefnið. Listasafn Íslands og Listasafn Árnesinga verða samstarfsaðilar að verkefninu sem felst í faglegri aðkomu. Einnig verða heimasíður safnanna tengdar verkefninu.

Möguleiki er að tengja þetta verkefni ýmsum uppákomum.

6. Þrjónakeppni

Rætt var um þrjónakeppni í tengslum við Ullavinnsluna í Þingborg, að sniðugt væri

að halda hana í tengslum við Fjör í Flóa og að hún yrði góð auglýsing fyrir svæðið. Í framhaldinu tekin ákvörðun í samstarfi við Þingborgardömunar að halda höfuðfatakeppni.

Höfuðfatasamkeppnin er í fullum gangi og fer verðlaunaafhendingin fram á Fjör í Flóa laugardaginn 31. maí 2014.

7. Leyndardómar Suðurlands (28. mars – 6. apríl)

Sex viðburðir voru í Flóahreppi þessa daga. Á heildina litið vel gekk viðburðurinn vel.

8. Viðburðadagatal – Klasastjórnin tók ákvörðun um að gera viðburðadagatal. Sú vinna er í gangi núna. Langar mig að biðja formenn allra félaga um að senda mér upplýsinar um þá árlegu viðburði sem eru á þeirra vegum.

9. Samstarf við Gunnar Sigurðsson sem rekur fyrirtækið Friend in Iceland í Reykjavík. Hann byggir sitt starf á að vinna með heimamönnum. Hann er að markaðssetja Ísland og með Flóann í fararbroddi. Áhugi er fyrir því innan klasans að vera með Flóadag í húsnæði Friend in Iceland í Reykjavík í sumar og kynna það sem Flóahreppur hefur upp á að bjóða. Allir sem hafa áhuga fyrir því eru velkomnir að hafa samband.

Ef þú hefur eitthvað fram að færa, einhverjar spurningar og/eða athugasemdir sendu þá vinsamlegast póst á idunn@floahreppur.is

Að lokum vil ég óska öllum gleðilegs sumars.

Íðunn Ýr Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri ferðamála í Flóahreppi

Glimufréttir

Nú verði ekki fleiri glímuæfingar þennan veturinn en keppnistímabili glímumanna er lokið að sinni. Ég vil þakka öllum sem stunduðu æfingar í vetur kærlega fyrir tímilið og vonast til að sjá sem flesta í haust.

Úrslit af Íslandsglímu og Grunnskólamóti

Íslandsglíman fór fram í Íþróttahúsi Kennaraháskólans 5. apríl. Guðrún Inga Helgadóttir var meðal þátttakenda í kvennaflokki og hafnaði í 4.-5. sæti af sex keppendum í sinni annari Íslandsglímu.

Grunnskólamóta Íslands fór fram sama dag í Íþróttahúsi Melaskóla. Flóaskóli átti fjóra keppendur á mótinu sem stóðu sig með þrýði. Victor Örn Victorsson hafnaði í 4. sæti í léttari flokki 5. bekkinga með 3,5 vinninga. Þorgils Kári Sigurðsson sigraði í 10. bekk á fullu húsi, 5 vinningum. Jón Gunnþór Þorsteinsson hafnaði síðan í 4. sæti í sama flokki með 2+1 vinning. Hanna Kristín Ólafsdóttir atti kappi við einn mótherja í 10. bekk stúlkna og hafnaði í öðru sæti.

Víðavangshlaup Umf. Vöku 2014

Á sumardaginn fyrsta fór fram Víðavangshlaup Umf. Vöku á Þjórsárbökkum. 83 einstaklingar þreyttu hlaupið að þessu sinni og er það met þátttaka. Þess má geta að 35 afkomendur og tengdabörn Sveins Þórarinssonar í Kolsholti I komu og hlupu í minningu hans, en Sveinn féll frá á síðasta ári. Sigurvegarar víðavangshlaupsins að þessu sinni voru Arnar Einarsson í karlaflokki og Dorothee Seegleer í kvennaflokki. Hér eru birt nöfn keppenda og tímar:

| Nafn | f. Ár | Tími |
|---------------------------------|-------|----------|
| 1. Arnar Einarsson | '96 | 6:07mín |
| 2. Sveinn Orri Einarsson | '96 | 6:08mín |
| 3. Dagur Fannar Einarsson | '02 | 6:57mín |
| 4. Halldór Bjarnason | '96 | 7:34mín |
| 5. Daði Kolviður Einarsson | '05 | 7:50mín |
| 6. Sæþór Atlason | '04 | 8:04mín |
| 7. Sigurjón Reynisson | '05 | 8:11mín |
| 8. Þorsteinn Logi Einarsson | '82 | 8:49mín |
| 9. Dorothee Seegleer | '94 | 8:53mín |
| 10. Unnsteinn Reynisson | '03 | 9:28mín |
| 11. Kolbrún Katla Jónsdóttir | '01 | 9:28mín |
| 12. Hjalti Geir Jónsson | '06 | 10:10mín |
| 13. Jökull Sveinsson | '05 | 10:11mín |
| 14. Ólafur Veigar Kárason | '08 | 10:25mín |
| 15. Guðbjörg Hulda Einarsdóttir | '81 | 10:25mín |
| 16. Sigurbjörg Eva Ernudóttir | '01 | 10:31mín |
| 17. Erna Jóhannesdóttir | '83 | 10:33mín |
| 18. Jón Finnur Ólafsson | '06 | 10:35mín |
| 19. Ólafur Þór Jónsson | '80 | 10:36mín |
| 20. Lilja Böðvarsdóttir | '67 | 10:36mín |
| 21. Nökkvi Marel Böðvarsson | '08 | 10:52mín |
| 22. Böðvar Stefánsson | '81 | 10:52mín |
| 23. Alda Agnes Sveinsdóttir | '61 | 10:52mín |
| 24. Jóann Páll Smárason | '97 | 11:14mín |
| 25. Arnór Leví Sigmarsson | '07 | 12:02mín |
| 26. Cathy Krentel | '90 | 12:03mín |
| 27. Logi Viðarsson | '02 | 12:10mín |
| 28. Viðar Ófeigsson | '58 | 12:10mín |
| 29. Agnes Þorsteinsdóttir | '85 | 12:24mín |
| 30. Embla María Böðvarsdóttir | '05 | 12:24mín |
| 31. Sveinn Þórarinsson | '79 | 12:46mín |
| 32. Þóranna Sveinsdóttir | '08 | 12:48mín |
| 33. Heinz Jóhann Brynjólfsson | '04 | 12:51mín |
| 34. Christian Dagur Kristinsson | '04 | 12:51mín |
| 35. Aldís Tanja Söndrudóttir | '05 | 13:01mín |
| 36. Sigmar Örn Aðalsteinsson | '83 | 13:02mín |
| 37. Kristján Gestsson | '49 | 13:09mín |

| | | | |
|-----|----------------------------------|-----|----------|
| 38. | Helgi Reynisson | '08 | 13:20mín |
| 39. | Pétur Þór Brynjólfsson | '02 | 13:32mín |
| 40. | Hákon Garri Gestsson | '07 | 13:37mín |
| 41. | Bjarki Rafn Reynisson | '10 | 13:42mín |
| 42. | Reynir Bjarkason | '79 | 13:42mín |
| 43. | Kristín Stefánsdóttir | '48 | 13:51mín |
| 44. | Einar Hermundsson | '55 | 13:57mín |
| 45. | Bryndís Ólafsdóttir | '70 | 13:59mín |
| 46. | Anna Guðbergdóttir | '53 | 14:09mín |
| 47. | Halla Einarsdóttir | '83 | 14:10mín |
| 48. | Elín Bjarnveig Sveinsdóttir | '60 | 14:10mín |
| 49. | Elfa Rún Heimisdóttir | '11 | 14:15mín |
| 50. | Heimir Rafn Bjarkason | '82 | 14:16mín |
| 51. | Elfa Kristinsdóttir | '62 | 14:32mín |
| 52. | Steinunn Lilja Kristinsdóttir | '13 | 14:45mín |
| 53. | Kristinn M. Símonarson | '84 | 14:45mín |
| 54. | Erla Björg Aðalsteinsdóttir | '87 | 14:45mín |
| 55. | Ásta Björg Jónsdóttir | '10 | 15:08mín |
| 56. | Jón Valgeir Geirsson | '75 | 15:08mín |
| 57. | Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir | '80 | 15:08mín |
| 58. | Stefán Ágúst Hafsteinsson | '81 | 15:12mín |
| 59. | Ragnheiður Halldórsdóttir | '86 | 15:22mín |
| 60. | Eyrún Sif Elíasdóttir | '07 | 15:22mín |
| 61. | Guðbjörg Gestsdóttir | '47 | 15:27mín |
| 62. | Silja Lind Jónsdóttir | '07 | 15:28mín |
| 63. | Þórunn Eva Ingvarsdóttir | '07 | 15:34mín |
| 64. | Guðrún Jónsdóttir | '53 | 16:24mín |
| 65. | Tinni Snær Aðalsteinsson | '13 | 16:38mín |
| 66. | Aðalsteinn Kjartansson | '90 | 16:38mín |
| 67. | Erna Hrund Hermannsdóttir | '89 | 16:38mín |
| 68. | Þóra Björk Sigurðardóttir | '07 | 16:40mín |
| 69. | Valgerður Gestsdóttir | '57 | 16:40mín |
| 70. | Ragnildur Klara Jónsdóttir | '12 | 16:40mín |
| 71. | Hlynur Helgi Jónsson | '09 | 16:40mín |
| 72. | Jón Örn Albertsson | '81 | 16:40mín |
| 73. | Ólöf Vala Heimisdóttir | '06 | 17:02mín |
| 74. | Sigrún Helgadóttir | '83 | 17:05mín |
| 75. | Kristín Björk Ólafsdóttir | '08 | 17:07mín |
| 76. | Eiríkur Árnason | '02 | 17:18mín |
| 77. | Þorgerður Kolbrá Hermundardóttir | '09 | 17:27mín |
| 78. | Kristín Tómasdóttir | '54 | 17:27mín |
| 79. | Laufey Árnadóttir | '06 | 17:45mín |
| 80. | Sólveig Þórðardóttir | '67 | 17:52mín |
| 81. | Sandra Dís Sigurðardóttir | '86 | 19:40mín |
| 82. | Hrafnkell Hilmar Sigmarsson | '10 | 19:47mín |
| 83. | Aðalsteinn Sveinsson | '59 | 19:48mín |

Pistillinn

Það var nú sem áður að gæfa mitt og lán, eiginkona mín Sigrún Hrefna, vakti athygli mína á því augljósa; skorað hafði verið á mig að skrifa pistil í sjálfri Áveitunni. Ég kom af fjöllum en henni þótti lítið um enda slíkt alvanalegt ástand. En verra var að ég var nýbúin að lesa Áveituna spjaldanna á milli. Þá var um tvennt að ræða, að kafna undir nafni eða reyna að kafna ekki undir nafni.

Sumarið í fyrra

Þegar tíð er milli heys og grasa, rigningin nánast slydda, forin bæði á götu og göngum og ekkert minnir á vorið nema dagatalið eitt, er mennskum huganum hætt að halda núverandi ástand ævarandi og jafnvel versnandi. Menn tala sig niður í morgunsárið og trúna að gegningum loknum að sumarið sem kannski kemur verði allavega jafnslæmt og í fyrra. Það er skemmst frá því að segja þótt yfir margt sé hlaupið að slíkt hugarþel gengur ekki vel til lengdar og birta verður til að koma, ef ekki á illa að fara. En það eru þó nokkrar kröfur að gera til manna ef tekið er í reikningin að einn snjallasti Frónbúinn á sviði veðráttu og annarra vitsmuna hefur nýlega spáð kólnandi veðurfari næstu 3 til 4 áratugina, í það minnsta. Vísindamenn á heimsvísu spá hins vegar af kappi svo mikilli hnatthlýnun að m.a. Bangladesh hverfi undir sjó, mjög fljótlega, og stórlega verði að styrkja varnargarða við strendur Hollands, lítið getur bjargað okkur nema að flokka mjólkurfernur og kaupa rándýra rafmagnsbíla sem spóla á jafnri sléttu ef á móti andar. Horfur á fjármálamörkuðum eru að jafnaði taldar afar slæmar og fyrirtæki sem þó skila ógnarhagnaði geta ómögulega haldið fólki í vinnu hvað þá aukið við kaupið, enda verða allir að standa saman ef eitthvað á að vera framhald á þessu þjóðfélagi. Guðstrúin löngu komin úr tísku og rationalisminn kominn með undirtökin. Hvar getur maður hallað höfði þegar fátt er öruggt nema það að dauðinn kemur, iðnaðarmaðurinn ekki og þó jú að Íslendingar hafa kímniáfu. Hér taka glöggir lesendur eftir því að kímni er talin gáfa og þótt það líkist því helst að kreista tár úr steini þá hlýtur að mega kreista háð þessari hildi. Annað er ekki eftir.

Nú er ekki úr vegi að skjóta inn sögunni um vegfarandan og tjakkin. Það sprakk á dekki vegfarandans sem var seinn fyrir og við honum blasir að skipta um dekk. Nú sem fyrr vandast einfalt verk enda hafði fyrri eigandi bílsins fjarlæggt tjakkin og því ekki annað ráð en að ganga drjúgan spotta að næsta bæ og vona að bóndi þar geti lánað tjakk. Þetta var stuttur drjúgur spotti sem var þó nógu langur til að veita vegfaranda næði til að móta heila hugsun. Alveg er ég viss um að enginn er heima hugsar hann niðurlútur, svo er ekkert víst að hann eigi tjakk. Vill líklega ekki lána hann heldur. Ekki lagaðist hugarfarið er nær dró. Bóndi nokkur kom til dyra brosleitur og býður góðan dag. Vegfarandi svarar að bragði, „þú getur bara átt þennan fjandans tjakk sjálfur“, snýr við og heldur sína leið. Ekki fer frekari sögum af þessum tveimur en eitt er víst að það vex sem að er hlúð eins og segir í ljóðinu og farsælli leið má finna en veg bölsýni og

barnings.

Það er gott að trúa á betri tíð og blóm í haga, æðri styrk þegar hart er á barið en sækja þá í kímna þegar ekkert annað gefur. Þetta mun vera rótgróin íslensk aðferð, margreynd og lítið brigðul sem ég vil leyfa mér að minna á og lofa. Og komist maður einhvern tíma á það stig að trúa því að núverandi ástand sé ekki endanlegt og lærir að treysta því að sól skíni á heiðarlegar axlir eftir skúr þá hefur framfaraspor átt sér stað í veikgeðja mannsál. Við í Flóahreppi eigum margt að gleðjast yfir, hér vex úr grasi blómleg æska og glatt fullproskað fólk greiðir vegin, vinaleg samskipti einkenna mannlífið og það skulum við standa vörð um. Ég leyfi mér að segja, þó gott sé þá er ég viss um að það batni. Vil ég við svo búið færa þennan miklum íþróttamanni og framfarasinna Einari Haraldssyni á Urriðafossi. Þannig að eitthvað standi hér rétt ritað sendi ég honum sem fararnesti lánaðar línur úr ljóði Kristjáns frá Djúpalæk. Þetta ágæta ljóð ætti að vera á vörum manna sem þekkja einhver tilbrigði við ofangreint og hentar vel breiskum mönnum sem þekkja til dæmis þá einstöku tilfinningu að ganga í lekum stígvélum og eiga hund sem þeir unna heitt, þó hann skilji ekki alltaf mælt mál á ögurstundu í smalamennsku.

,Ef öndvert allt þér gengur
og undan halla fer,
Skal sókn í huga hafin,
Og hún mun bjarga þér.
Við getum eigin ævi
í óskafarveg leitt,
Og vaxið hverjum vanda ,
Sé vilja beitt.'

Victor Björgvin Victorsson
Skygnisholti

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Valgerður í Mjósyndi býður okkur heim til sín í opið hús, fimmtudagskvöldið 22. maí frá kl. 20.00. Endilega mætum nú vel og tökum með okkur eitthvað gómsætt á kaffiborðið. Hittumst hressar.

Stjórnin

Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur.
Uppl. í 865-7001 Einar Magnússon.

**Óskum eftir íbúð eða húsi til leigu í Flóahreppi.
Margrét Ormsdóttir Vatnsholti sími 8997748.**

Kæru íbúar Flóahrepps

Ég vil byrja á að óska ykkur gleðilegs sumars. Þetta er góður tími á hverju ári þegar gróðurinn fer að grænka og við hlustum eftir söngi farfuglanna til að fá staðfestingu á því að vorið sé komið.

Þetta þekkja íbúar í sveitinni manna best enda tengslin við náttúruna og umhverfið hvað mest þar, ekki síst í Flóahreppi, þessu fallega landbúnaðarsveitarfélagi.

Sveitarstjórnarkosningar eru haldnar að vori, vísbending um nýja græðlinga í frjósamri mold og ekki von á öðru en að uppskeran verði góð.

Ég hef starfað sem sveitarstjóri Flóahrepps frá stofnun sveitarfélagsins og orðið þess heiðurs aðnjótandi að taka þátt í tilurð þess og vexti og lít svo á að nú sé góður tími til að láta gott heita.

Þetta hefur verið ánægjulegur tími, sveitarfélagið hefur vaxið og dafnað og mín tilfinning er sú að vel hafi tekist til við að skapa umgjörð um gott samfélag.

Það er auðvitað þannig að það verður erfitt að sleppa tókunum en ég mun fylgjast með sveitarfélaginu og halda áfram að verða stolt eins og ungamamma þegar fréttir berast af góðum árangri einstaklinga úr Flóanum.

Mig langar að þakka ykkur öllum fyrir samstarfið og samvinnuna síðastliðin átta ár því það sem stendur upp úr eftir þennan tíma eru viðkyrni við gott fólk.

Ég hef einnig verið afar lánsöm með samstarfsfólk á skrifstofu sveitarfélagsins og stofnunum þess og vil þakka þeim sérstaklega fyrir ánægjulegt samstarf. Ég kem til með að sakna þeirra mikið í framtíðinni því það er ekki sjálfgefið að fá að vinna með svo góðu fólki. Að mínu mati er það frumskilyrði fyrir góðan árangur að samstarf sé gott.

Ég vil líka þakka sveitarstjórnarfólki síðustu tveggja kjörtímabíla fyrir gott samstarf, ekki síst Aðalsteini Sveinssyni sem mun láta af störfum sem oddviti til átta ára nú í vor. Það eru forréttindi að hafa fengið að starfa með svo traustum og heilum manni sem hann er.

Megi ykkur öllum vegna vel í framtíðinni. Ég veit að þið eigið eftir að gera gott samfélag enn betra því til þess hafið þið allt sem þarf, fallett umhverfi og gott mannlíf.

Margrét Sigurðardóttir

Framboðsfundur T-listans

T-listinn boðar til almenns fundar með kjósendum Flóahrepps miðvikudagskvöldið 21.maí n.k. í Félagslund.

Fundurinn hefst kl. 20:30.

Á fundinum munu frambjóðendur kynna stefnuskrá listans og sitja fyrir svörum.

Kjósendur Flóahrepps eru hvattir til þess að mæta.

T-listinn

Tákn um traust

ELDKLERKURINN SÝNDUR AÐ FLÚÐUM 15. MAÍ

Möguleikhúsið sýnir leikverkið Eldklerkinn, sem fjallar um séra Jón Steingrímsson og Skaftárelda, í félagsheimili Hrunamanna að Flúðum fimmtudaginn 15. maí kl. 20:30. Verkið, sem var frumsýnt 1. nóvember s.l., hefur hlotið afburðadóma og góðar viðtökur áhorfenda, en nýlega lauk sýningum á því í Reykjavík og hefur síðan verið ferðast með sýninguna um landið. Miðaverð er kr. 3.500 og miðasala verður við innganginn.

Flóalistinn býður til samtals

Flóalistinn býður íbúum í Flóahreppi til fundar í Þingborg miðvikudaginn 14. maí kl: 20.30

Frambjóðendur kynna sig og stefnu sína, síðan verður kaffi hellt í bollana og kökur settar á diska. Að því búnu verður fundargestum skipt í hópa. Frambjóðendur munu fara á milli borða til að eiga samtál við íbúa um hvað þeim liggur helst á hjarta um málefni sveitarfélagsins og samfélagsins okkar.

Allir velkomnir til þessa fyrsta samtalsfundar Flóalistans. Vonumst til að sjá sem flesta.

Frambjóðendur Flóalistans

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Hlutavelta á Fjör í Flóa

Hlutavelta, hlutavelta. Til stendur að vera með hlutaveltu á Fjör í Flóa. Okkur vantar dót á hlutaveltu. Þeir sem eru aflögufærir hafi samband við Svanhvíti Lambastöðum s: 8657301 eða Helgu Baldursd. s:8469320 fyrir 28 maí.

Fjáröflunarnefnd Kvenfélags Hraungerðishrepps

Leikjanámskeið

Á vegum ungmennafélaganna verður haldið í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður fyrir krakka 6-12 ára og kennari verður Örvar Rafn Hlíðdal. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Ljósmyndamaraðon á Fjör í Flóa

Ungmennafélagið Vaka ætlar að standa fyrir ljósmyndamaraðoni á Fjör í Flóa þetta árið. Keppt verður í tveimur flokkum; Instagram og myndaröð. Allir geta tekið þátt og mun þátttaka vera ókeypis. Veitt verða verðlaun fyrir bestu myndina/myndaröðina í hvorum flokki fyrir sig. Fyrirkomulag keppinnar og þemu verða auglýst síðar.

Sauðfjárnætur og fleiri athugið

Fyrirhugað er að halda áfram endurnýjun á afréttargirðingunni í sumar. Áætlað er að fara laugardaginn 7. júní í girðingarvinnu.

Allir hvattir til að taka daginn frá. Nánar auglýst síðar.

Stjórn Afréttarmálafélagsins.

Dagskrá mánaðarins

| | |
|--|-----------------|
| Frjálsar í Þingborg | 6. maí |
| Skákæfing | 7. maí |
| Vínarbrauðstónleikar í Þingborg | 11. maí |
| Frjálsar í Þingborg | 13. maí |
| Hreinsunaráttak í Flóahreppi | 14. –20. maí |
| Skákæfing | 14. maí |
| Fundur með Flóalistanum | 14. maí |
| Eldklerkurinn á Flúðum | 15. maí |
| Frjálsar í Þingborg | 20. maí |
| Skákæfing | 21. maí |
| Framboðsfundur T-listans | 21. maí |
| Opið hús Kvenfélag Villingaholtshrepps | 22. maí |
| Þingborgarmótið | 27. maí |
| Skákæfing | 28. maí |
| Fjör í Flóa | 30. maí-1. júní |

